

## **Starfsskýrsla ÆSKÞ – stjórnar fyrir árið 2011**

Í þessari skýrslu er greint frá helstu verkefnum sem stjórnin hefur unnið á s.l. ári, sem er sjötta starfsár sambandsins.

Síðasti aðalfundur ÆSKÞ var haldinn 5.febrúar í Neskirkju.

Niðurstaða kosninga á fundinum voru eftirfarandi:

### **Aðalstjórn**

Formaður -Margrét Ólöf Magnúsdóttir

Gjaldkeri – Sigurvin Jónsson

Ritari – Matthildur Bjarnadóttir

Meðstjórnandi – Þórunn Harðardóttir

Meðstjórnandi – Sunna Dóra Möller

### **Varastjórn**

Gunnar Óli Markússon

Konný Björg Jónasdóttir,

Bjarni Heiðar Jóhannesson,

Anna Ólafsdóttir

Diljá Rut Guðmundsdóttir

### **LANDSMÓTSNEFND**

Gunnar Óli Markússon

Margrét Ólöf Magnúsdóttir

Bjarni Heiðar Jóhannesson

Guðjón Andri Reynisson

Guðmundur Karl Einarsson

Ingi Hrafn Pálsson

Sigurvin Jónsson

Rakel Brynjólfsdóttir, Landsmótsstjóri

auk framkvæmdarstjóra sambandsins, Sigríði Rún Tryggvadóttir

## **Skoðunarmenn ársreikninga**

Pétur Þorsteinsson

Guðmundur Karl Einarsson

**Framkvæmdastjóri sambandsins** var sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir og hafði hún haft aðsetur á Sigurhæðum sem er staðsett rétt fyrir neðan Akureyrarkirkju. Stjórnin tók þá ákvörðun í júní að færa aðsetur framkvæmdastjóra til Reykjavíkur og því varð að segja Jónu Lovísu upp. Hér eru henni færðar kærar þakkir fyrir vel unnin störf og ánægjuleg samskipti í alla staði.

Nýr framkvæmdastjóri er Sigríður Rún Tryggvadóttir og tók hún til starfa 1. september. Við bjóðum hana hjartanlega velkomna. Hún hefur margra ára reynslu af starfi meðal barna og unglinga í kirkjunni og einnig á Biskupsstofu.

Staða framkvæmdastjóra er 50% en reynslan sýnir að það er mikil þörf á fullri stöðu framkvæmdastjóra eigi að vera hægt að sinna þeim verkefnum sem eru fyrir hendi og auka þjónustuna. Stjórnin er í sjálfboðavinnu og hefur sinnt ýmsum verkefnum auk reglubundinna funda. Einnig hafa margir aðrir lagt hönd á plóginn og þá sér í lagi í tengslum við landmótið.

**Verkefni ÆSKÞ** á árinu hafa verið fjölbreytileg þó að þungamiðjan liggir án efa á Landsmóti æskulýðsfélaga.

Fundir stjórnar voru formlega að meðaltali einu sinni í mánuði en fundir í gegnum netpóst og skype hafa verið ótal margir.

## **Námskeið**

**Verndum þau** ÆSKÞ hefur sótt um styrk hjá Æskulýðssjóði til þess að geta boðið söfnum upp á þessi góðu námskeið.

Haldin voru 3 námskeið, í Njarðvík, Kópavogi og í Laufási og sóttu 60 manns námskeiðin.

## **Viðburðir**

**TTT – mót.** ÆSKÞ stóð fyrir TTT móti í apríl s.l. og voru þar um 60 börn og 20 leiðtogar. Tókst mótið vel. Þemað var „Hermaður Krists“.

**Landsmót æskulýðfélaga** var haldið á Selfossi síðustu helgina í október og tóku um 500 manns þátt í því. Mikill undirbúningur var fyrir mótið og þótti það takast vel. Móttstjóri var

Rakel Brynjólfsdóttir ásamt Sigríði Rún framkvæmdastjóra. Þema mótsins tengt Japan og var höfð samvinna við Hjálparstarf Kirkjunnar og „Hearts of Gold / Gullhjörtu“ sem eru hjálparsamtök sem miða að því að veita börnum sem hafa orðið fyrir streituröskun að upplifa góða og uppbyggilega hluti (sjá nánar skýrslu mótsstjóra). Söfnuðust á mótinu 256.000 kr.

**Kirkjuping unga fólksins** var haldið í október. Um 30 manns tóku þátt. Sunna Dóra Möller hafði yfirumsjón með þinginu í góðu samstarfi við starfsfólk Biskupsstofu. Skipt var í 3 hópa; 1. Aðstaða og umhverfi æskulýðsstarfsins, 2. Áhrif niðurskurðar á æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar, 3. Framtíðarsýn unga fólksins á æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar. Þetta var gott þing sem sýndi kraft og vilja ungs fólks í kirkjunni okkar til að efla og bæta æskulýðsstarf. (sjá nánar skýrslu Sunnu Dóru)

### **Erlend samskipti**

ÆSKP er aðili að EF, European Fellowship. Þórunn Harðardóttir hefur verið aðaltengiliður og tekið þátt í undirbúningi og námskeiðum hjá þeim.

**Aðalfundur European Fellowship** var haldinn á Íslandi dagana 20. – 22. maí sl nánar til tekið í Hallgrímskirkju. Þórunn átti veg og vanda að undirbúningi en Magnea Sverrisdóttir djákni í Hallgrímskirkju tók vel á móti hópnum og aðstoðaði á ýmsan hátt. Fundinn sóttu fulltrúar 7 aðildarféлага, en ÆSKP er með auka aðild að EF. Á fundinum voru mörg mál á dagskrá. Aðal umræðuefnið var hvernig nýtt stjórnarfyrikomulag samtakanna hefði tekist þetta fyrsta starfsár þess. Farið var yfir helstu viðburði ársins og næstu tvö ár skipulögð. M.a. var ákveðið að páskanámskeiðið “Easter Course” yrði haldið á Íslandi árið 2013. Á heimasíðu samtakanna [www.europeanfellowship.com](http://www.europeanfellowship.com) er að finna allar upplýsingar um komandi viðburði sem öllum aðildarfélögum þeirra er boðið að taka þátt í. Samtökin eru einnig með síðu á Facebook og Twitter þar sem viðburðir eru auglýstir. Þátttakendur fundarins voru ánægðir með afrakstur fundarins og ferðalagið “Gullna hringinn” sem stjórnarmeðlimir ÆSKP fóru með þá í seinnipart laugardagsins. En þeir upplifðu þar m.a. að sjá upphaf nýbyrjaðs goss í Grímsvötnum.

### **Samstarf**

ÆSKP tekur þátt í ýmis konar samvinnuverkefnum auk þess að vera aukaaðili að LÆF, Landssambandi æskulýðsfélaga. Þar eru ýmis námskeið og erindi í boði sem eru aðilum að kostnaðarlausu og kjörið tækifæri fyrir æskulýðsleiðtoga að nýta sér þessi tilboð.

**Evrópuvika gegn fordómum** er fastur liður í mars. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn, ÆSKR, Toshiki Toma og fleiri aðilar standa fyrir viðburðum hér í Reykjavík og fyrir norðan. Jóna Lovísa hefur tekið þátt fyrir hönd ÆSKP í viðburðum fyrir norðan á Akureyri. Mikill fjöldi æskulýðsbarna tóku þátt og voru áberandi í viðburðinum.

**Jesús lifir – spurningakeppnin** er haldin fyrir 4.- 7.bekk. Hún er haldin í samstarfi við Aðventkirkjuna, sem hefur veg og vanda af sjálfri keppninni en þær kirkjur sem vilja taka þátt

er frjálst að vera með í undirbúningnum. ÆSKÞ hefur lagt til starfsmann í verkefnið, sem er núverandi formaður. Spurningakeppnin fór fram í Reykjavík dagana 2.-3.aprí. Að þessu sinni mættu 10 lið til þátttöku en þau voru frá Suðurhlíðaskóla, Árbæjarkirkju, Aðventkirkjunni, Egilstaðakirkju, Boðunarkirkjunni, Fíladelfíu, Vestmannaeyjum (Aðventkirkja), Breiðholtskirkjau Íslensku Kristskirkjunni og Maríukirkjunni. Undankeppnin fór fram í Suðurhlíðaskóla. Það voru 10 kirkjur sem tóku þátt, þar af 5 frá Þjóðkirkjunni. Boðið var upp á pizzupartý, kvöldvöku og gistingu í skólanum og tóku flestir þátt. Seinni dagiglætan, Kirkjuhúsið, Lindin og Hið íslenska Biblíufélag gáfu vinninga og viðurkenningar. Einnig fengu öll börnin páskaegg. Þann morgunmatur, sundferð og hádegismatur en síðan var úrslitakeppnin í Íslensku Kristskirkjunni.

**Vaktu með Kristi** hefur verið samstarfsverkefni ÆSKÞ, ÆSKR og ÆNK. Það er frá kvöldi skírdags til föstudagsmorguns og fór fram í Neskirkju. 60 ungmenni tóku þátt í vökunni ásamt leiðtogum.

**ÆSKÞ er í „samstarfshópi“** um æskulýðsmál með ÆSKR, ÆNK og Biskupsstofu. Markmiðið er að efla æskulýðsstarf kirkjunnar, m.a. með leiðtogafræðslu þar sem boðið er upp á a.m.k. tvö námskeið;

- farskóla leiðtogaefna fyrir ungt fólk á aldrinum 14 – 17 ára,
- grunnnámskeið fyrir 17 ára og eldri.

Þá er einnig „**samstarfsnefnd**“ um æskulýðsmál þar sem KFUM og KFUK eru einnig aðilar. Markmiðið þar er það sama en þessir 5 aðilar standa saman að a.m.k. þremur námskeiðum á hverju ári;

- Kvöldnámskeið fyrir leiðtoga að hausti,
- Dagsnámskeið fyrir æskulýðsfulltrúa, presta og djákna að hausti,
- „Febrúarnámskeið“ sem er dagsnámskeið fyrsta laugardag í febrúar.

Formaður stjórnar sat undirbúningsfundi í þessu samstarfi þar til í haust er framkvæmdastjórinn tók við.

## **Starfsáætlun 2012**

Formaður mun láta af störfum einu ári fyrr en áætlað er vegna flutninga til Noregs. Framkvæmdastjórinn mun fara í fæðingarorlof í byrjun febrúar og verður Margrét Ólöf í afleysingu fyrir hann í 4 mánuði.

Markmiðið er að halda áfram á sömu braut með sömu verkefni og 2011. Landsmótið er farið að taka þó nokkurn tíma í undirbúningi og staðreyndin er sú að þessi verkefni sem eru á dagskrá eru kappnóg verkefni fyrir landsmótsstjóra, framkvæmdastjóra í hálfu starfi, landsmótsnefnd og stjórn í sjálfboðavinnu ásamt ótal öðrum sem leggja hönd á plóginn. Við

stefnum á að geta haldið hæfileikakeppni á landsvísu svo og spurningakeppni fyrir fermingarbörn.

Það er mikil þörf á að gera sambandi öflugra með þátttöku allra æskulýðsfélaga landsins. Það er m.a. ósk Menntamálaráðuneytis að sambandið séu eins konar regnhlífasamtök æskulýðsfélaga og samtaka og í gegnum þau fari umsóknir til ýmissi styrkja.

Góð samskipti við landið allt eru mikilvæg og þjónustan þyrfti að eflast. En eins og fyrr segir eru takmörk fyrir hvað hægt er að gera með starfsmann í hálfu stöðugildi.

Það er mikilvægt að leiðtogar í barna- og unglingastarfi efli þekkingu sína og fagmennsku með því að sækja sem flest námskeið sem boðið er upp á. Þannig verðum við hæfari í starfi auk þess sem er mikilvægt að hitta aðra og kynnast kollegum sínum. „Verndum þau“ er til dæmis námskeið sem ætti að vera skylda fyrir allt starfsfólk í barna- og unglingastarfinu.

### **Lokaorð**

ÆSKP er samband sem mikil þörf er á að vaxi og dafni því að næg eru verkefni.

Óskin er að geta bætt og eflt starfið, geta sinnt æskulýðsleiðtogum betur um alla landsbyggðina. Það er niðurskurður í fjármálum til æskulýðsstarfs, stöðugildi starfsmanna í æskulýðsmálum kirkjunnar eru skorin niður sem er mjög slæm þróun einmitt þegar það er mikill velvilji og eftirspurn eftir því vandaða og faglega starfi sem kirkjurnar hafa upp á að bjóða.

Við erum þakklát þeim sem styðja ÆSKP. Menntamálaráðuneytið er afar jákvætt og leggur til fjármuni í námskeið. Kirkjumálasjóður stendur undir rekstrargrundvelli sambandsins og færum við þeim bestu þakkir.

Samstarf við alla þá aðila sem að greint hefur verið frá í þessari skýrslu er mjög jákvætt og gott.

Stjórnin þakkar fyrir gott ár og undirrituð er þakklát fyrir árin í stjórn ÆSKP. Þau hafa verið lærdómsrík, gefandi og skemmtileg með frábæru samstarfsfólki.

Guð blessi starf kristinnar kirkju meðal barna og unglunga.

„Því að af náð eruð þið hólpin orðin fyrir trú. Þetta er ekki ykkur að þakka. Það er Guðs gjör. Ekki byggt á verkum, enginn skal geta miklast af því. Við erum smíð Guðs, sköpuð í Kristi Jesú til góðra verka sem hann hefur áður fyrirbúið til þess að við skyldum leggja stund á þau.“  
Ef.2.6-10.

Reykjavík, 20.janúar 2011

Fyrir hönd stjórnar ÆSKÞ,

---

Margrét Ólöf Magnúsdóttir formaður.